

EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 22/8-23/8 2017

Nafn fyrirtækis: Landsnet

Fjöldi klst: 1

Tengiliður fyrirtækis: Þórarinn Bjarnason

Framkvæmdasvæði: Kröflu- og Þeistareykjalína
Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Lega línuvegur með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða, sbr. samning um sérstakt eftirlit Umhverfisstofnunar með framkvæmdum Landsnets vegna framkvæmda við Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu 4, og sbr. álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Staða verks: Skoðaður frágangur við möstur og línuveg í Reykjahlíðarlandi að mastri 7. Þarna er frágangur vegar og slóða mjög góður, gegnið hefur verið frá námum og er frágangur góður. Strekkingarplön hafa verið gerð eins og fram kom í síðustu skýrslu.

Farið yfir frágang línuvegur, vegslóða og plana frá m-37 að Þeistareykjum með Guðmundi Guðmundssyni frá G. Hjálmarssyni. Lögð var áhersla á að fjarlægja gróft efni og rastir úr vegkönum. Á vissum stöðum mætti dreifa melagrjóti yfir stekkingarplön þegar köntum þeirra hefur verið ýtt út. Gróft efni úr námu í landi Grímsstaða á að fjarlægja eða pressa niður með jarðýti þar sem slíkt er hægt án þess að aflaga veginn. Vegurinn frá námu í landi Grímsstaða verður heflaður og valtaður þar sem hann hefur látið verulega á sjá eftir framkvæmdir í sumari. Lögð áhersla á að snyrta ekki kanta þar sem línuvegur liggur í fyrirhuguðu vegstæði. Í mólendi ætti að fjarlægja rastir og gróft efni úr köntum þannig að þegar kantur verður pressaður niður með jarðýtu verði vegurinn í sömu hæð og landið. Þessu ætti að vera unnt að ná sérstaklega þar sem Kvíhólaefni er í vegi, slóðum og plönunum.

Illa hefur verið staðið að verki við syðra strekkingarplan við m-37. (Ekki GH) þarna hefur mól verið dreift á mjög stórst svæði bæði við slóð og plan. Þetta efni þarf að fjarlægja og er unnt að koma því fyrir í hvörfum í línuveginum.

Áberandi hvað plön á þessari leið koma vel undan vetri sérstaklega ef haft er í huga magn þess efnis sem grafið var upp. Þarna hefur G. Hjálmarsson gegnið mjög vel frá.

Skoðuð skering sunnan við Kvíhólanámu. Þarna hefur vegurinn aflagast verulega við reisingu og þarf bæði að móta veginn og móta fláa betur

Farið var yfir tengingar við Þeistareykjaveg með Landsvirkjun og er lýsing á frágangi og staðsetning stúta í fylgiskjali.

Farið er fram á að Landsnet láti sá í vegfláa þar sem tengingum verðu jafnað í fláa sem þega hefur verið græddur upp. Einnig þarf að hnika til vegslóða að uppgræðslusvæði við Mælifell þar sem línun torvelda umferð um slóðina.

Skóðað athafnasvæði landsnet í Jónsnípunámu þarna er farið að fjúka drasl úr lagernum og ætti að fjarlægja rusl af laernum og það sem fokið hefur út úr námunni. Landsnet þarf að græða upp mold sem komið var fyrir við veg að Jónsnípunámu.

Ábendingar: Ábendingum komið á framfæri við verktaka sem óskar þess að eftirlit með frágangi verði strax í næstu viku.

Frávik:

Niðurstaða eftirlits: Námur í Kröflulínu eru frágengnar sem og línuvegur frá m-36 að Kröflu. Frágangur er mjög góður og umgengni verktaka er góð.

Fylgiskjöl:



2017 8 25 Frágangur
línuslóða LN_LV.docx

Fylgiskjöl:

Björn Stefánsson

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.